

Samningur við Heimili og skóla um verkefnið Samfélag, fjölskylda og tækni (SAFT)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, félagsmálaráðuneytið, kt. 521218-0610, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, kt. 580417-0780 og Heimili og skóli, landssamtök foreldra, kt. 421092-2229, gera með sér svofelldan samning um SAFT-verkefnið og „Ekkert hatur“ verkefnið.

1. Markmið og starfsemi

Markmið:

- 1.1. Að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla meðal barna og ungmenna, foreldra, kennara, fjölmiðla og þeirra sem starfa við upplýsingatækni.
- 1.2. Stuðla að stafrænni borgaravitund barna og ungmenna auknu netöryggi og persónuvernd barna og ungmenna á netinu.
- 1.3. Að berjast gegn ólöglegu efni á Netinu og að veita börnum og ungmönnum aðstoð í því skyni.
- 1.4. Að vinna gegn hatursorðræðu á netinu með hliðsjón af Evrópuráðsverkefninu „Ekkert hatur“.

Starfsemi:


SAFT verkefnið er starfrækt sem hluti af aðgerðaáætlun um örugga netnotkun, sem er hluti af Samgönguáætlun Evrópusambandsins 2014-2020, en verkefnið hefur áður verið rekið sem hluti af „Safer Internet Action Plan“ á vegum ESB frá árinu 1999. Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu og meiðandi efni á Netinu.
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á Netinu.
- Hvatningu til öruggara netumhverfis.
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun.

Samningur þessi snýr að rekstri SAFT - verkefnisins á Íslandi. Gert er ráð fyrir að við framkvæmd verkefnisins verði haft mikið samstarf við Norðurlöndin og það verði starfrækt sem hluti af Netöryggisáætlun Evrópusambandsins sem nær til allra landa á evrópska efnahagssvæðinu. Samstarfsaðilar við framkvæmd verkefnisins hér innanlands eru Barnaheill, Rauði kross Íslands og embætti Ríkislögreglustjóra.

Á vegum SAFT skal vera starfrækt sérstakt ungmennaráð sem skal vera til ráðgjafar gagnvart verkefninu og stuðla að þátttöku ungmenna til að vinna að markmiðunum. Einnig skal vera starfræktur sérstakur ráðgjafahópur með fulltrúum ýmissa aðila sem tengjast SAFT með einhverjum hætti og hittist a.m.k. tvisvar á ári til samráðs.

Samstarfsnefnd um verkefnið Hatursorðræða á netinu hefur verið starfandi frá árinu 2013 í tengslum við Evrópuráðsverkefnið „Ekkert hatur“. Styrkur til samstarfsnefndarinnar er hluti af opinberum stuðningi við SAFT.


SEE ~~MA~~
AED

Framkvæmd SAFT- verkefnisins tekur mið af verkáætlun sem stýrihópi er falið að mynda og er endurskoðuð tvisvar á ári.

2. Forsendur sammings og lagaheimildir

- 2.1. Áætlaður styrkur ríkisins vegna SAFT er 14 m.kr. árið 2019 og 14 m.kr. árið 2020. Áætlaður styrkur vegna „Ekkert hatur“ verkefnisins er 1 m.kr. árið 2019 og 1 m.kr. árið 2020.
- 2.2. Samningurinn er gerður á grundvelli heimildar í 42. gr. nr. 123/2015 um opinber fjármál og reglugerðar nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.
- 2.3. Samningur þessi grundvallast á fyrri stuðningi stjórnvalda, þ.e. mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra (nú félags- og barnamálaráðherra) og innanríkisráðherra (nú samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra) við SAFT verkefnið. Mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir formlega gagnvart ESB að íslensk stjórnvöld greiði mótframlag sem er skilyrði fyrir stuðningi frá ESB við SAFT verkefnið. Þá er samningurinn jafnframt í samræmi við fjarskiptaáætlun, sbr. þingskjal nr. 0593, frá 141. löggjafarþingi, dags. 29. nóvember 2012, sbr. 3. tl. 4. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, þar sem m.a. er kveðið á um að öryggi borgara á netinu verði viðhaldið og það eftt með skipulegri fræðslu.
- 2.4. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnanna takmarkast við þær fjárhæðir sammingsins.
- 2.5. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og Heimili og skóli eiga ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til sammingsins verði lækkað eða fellt niður.

3. Ábyrgð

- 3.1. Heimili og skóli, skulu annast útfærslu og framkvæmd SAFT- verkefnisins og „Ekkert hatur“ verkefnisins á Íslandi og að fullnægt sé kröfum um fagmennsku og gæði. Heimili og skóli bera ábyrgð á samhæfingu og framkvæmd verkefnanna gagnvart íslenskum stjórnvöldum og skulu geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Heimili og skóli bera ábyrgð á skuldbindingum sem samtökin eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Skýrslur og öll önnur gögn sem er aflað eða verða til við framkvæmd verkefnanna, þar með talin frumgögn og fundargerðir, eru sameign sammingsaðila. Höfundar skýrslu halda höfundarrétti að öðru leyti.
- 3.4. Samningur þessi er ekki framseljanlegur til annars fyrirtækis eða aðila, nema allir sammingsaðilar séu því samþykkir.
- 3.5. Heimili og skóla er óheimilt að:
 - 3.5.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneyta, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.5.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um sammingsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir árlegan styrk í tveimur hlutum, 1. mars og 1. ágúst. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Heimilis og skóla.
- 4.2. Eigi Heimili og skóli í viðskiptum við lögaðila sem samtökin eiga eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda samtakanna, eða annarra

Handwritten signature

Handwritten notes: TMA, SEE, AED

aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

4.3. Heimili og skóli skila ráðuneytum:

4.3.1. Áætlun um rekstur og sjóðstreymi ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok janúar ár hvert.

4.3.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

5.1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hafa eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Ráðuneytin skulu hafa fulltrúa í stýrihópi verkefnisins sem SAFT - verkefnið skipar og verkefnisstjóri SAFT skal veita stýrihópnum forystu. Auk þess sitja í stýrihópi fulltrúar frá eftirtöldum samstarfsaðilum, þ.e. Barnaheill, Rauða krossi Íslands, embætti Ríkislögreglustjóra, Póst- og fjarskiptastofnun, Fjölmíðlanefnd, Menntamálastofnun og Persónuvernd.

5.3. Stýrihópur mótar verkáætlun, sem endurskoðuð skal tvisvar á ári. Stýrihópur ber ábyrgð á að fylgja því eftir að framkvæmd verkefnisins og forgangsröðun verkáætlunar sé í samræmi við meginmarkmið samningsins.

5.4. Áfangaskýrsla skal gerð tvisvar á ári og árlega gefin út opinber skýrsla um framkvæmd verkefnis auk endurskoðaðs ársreiknings. Þessum gögnum skal skilað til stýrihóps. Við árangursmat verkefnis er notast við staðlað mat Samgönguáætlunar ESB, en árangursmat fer fram á 9 mánaða fresti.

5.5. Heimili og skóli skila ráðuneytum upplýsingum sem þau kalla eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

5.6. Heimili og skóli veita ráðuneytum upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytin hafa heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

5.7. Samning þennan, ársreikning Heimilis og skóla vegna SAFT, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Heimilis og skóla jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytum er heimilt að birta gögnin á vefjum sínum.

5.8. Heimili og skóli setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Heimili og skóli tilkynna ráðuneytum tafarlaust ef vafi leikur á að samtökin geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem samtökin hyggjast grípa til.

6.2. Heimilt er að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Heimili og skóli ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.4. Komi upp ágreiningur um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, skulu aðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Ef það tekst ekki skulu mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Handwritten signatures and notes: "Mj" and "SEE I A ED" with a checkmark.


7. Gildistími og lok sammings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2020.
- 7.2. Óski einhver aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.3. Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og heldur hver aðili eintaki.

Reykjavík, 3. apríl 2019


Mennta- og menningarmálaráðherra


F.h. Heimilis og skóla


Félags- og barnamálaráðherra


Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra